

80 sumar hinn svonefnda Laugaveg alltjáustur að Fúlutjarnarlæk á takmörkum kaupstaðar-
11. júní umdæmisins.

81 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um sveit-**
20. júní **festi þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. apríl þ. á., hafið þjer, herra amt-
maður, sent hingað eptirrit af úrskurði yðar, dags. 2. okt. f. á., er ákveður, að Jónas
nokkur Samsonarson skuli álitast sveitlægur í Seyðisfjarðarhreppi, en hreppsnefndin í tjeð-
um hreppi hefur áfrýjað úrskurði þessum til mín — og hafið þjer jafnframt látið fylgja
14 skjöl málinu viðvíkjandi.

Jónas þessi Samsonarson er fæddur í Svalbarðshreppi í Þingeyjarsýslu árið 1852,
og hafði hvergi áunnið sjer sveit annarsstaðar, þegar hann voríð 1877 um sumarmál kom
frá Kaupmannahöfn, þar sem hann hafði verið að trjesmíðisnámi, og rjeðst að Gnýstöðum
í Seyðisfjarðarhreppi til að smíða hús fyrir bændurna þar, og svo til sjóróðra um sumarið;
en er hann hafði dvalið þar nokkra stand, ljetu bændurnir það eptir, að hann færi að
Ketilsstöðum á Völlum til húsasmíða, og síðan, er hann var kominn aptur þaðan, að Hauks-
stöðum í Vopnafirði í sömu erindum, en það var samkomulag milli hans og bændanna á
Gnýstöðum, að hann síðar kæmi aptur að Gnýstöðum, enda hafði hann beiðst þess, að mega
telja þar heimili sitt um sumarið og skildi þar eptir dót sitt, er hann ekki nauðsynlega
parfnaðist um sumarið. Eptir veturnætur um haustið, kom Jónas einnig aptur að Gný-
stöðum, og dvaldi þar svo það sem eptir var ársins. Síðan hefur Jónas dvalið stöðugt í
Seyðisfjarðarhreppi, en páði þar seinni part sumars 1887 sveitarstyrk, og kom pá fram
spurning um, hvar hann væri sveitlægur. Jeg verð nú að vera yður, herra amtmaður,
samdóma um, að Jónas verði eptir hinum upplýstu atvikum, að álitast hafa átt heimili
á Gnýstöðum allt frá því hann rjeðst þangað um sumarmál 1877, þrátt fyrir burtveru
sína um sumarið, og að hann því hafi með löglegri 10 ára dvöl áunnið sjer framfærslu-
rjett í Seyðisfjarðarhreppi, en jafnframt get jeg þess, að sveitarstyrkur sá, sem Jónasi
tjáist hafa verið veittur sumarið og haustið 1887 virðist eigi hafa verið löglega veittur,
þar sem ekkert er fram komið um, að Jónas hafi beiðst hans og engin aðsjón var gjörð
hjá honum, auk þess sem hinn framlagði verzlunarreikningur yfir úttekt hans í reikn-
ing sveitarinnar virðist helzt benda til þess, að hún hafi fram farið án nokkurrar til-
hlutunar frá fátækra stjórnarinnar hálfu.

Samkvæmt þessu skal hjer umræddur úrskurður yðar 2. okt. f. á. standa að öllu
leyti óraskaður.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

82

Reikningar

sjóða, er standa undir umsjón amtsráðsins í norður- og austuramtinu.

Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1888.

Tekjur.

1. Í sjóði frá f. á.: